

205. fundur

Bæjarstjórn Stykkishólms hélt fund fimmtudaginn 27. október 2005 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Rúnar Gíslason, forseti bæjarstjórnar, RG
Sæþór Þorbergsson, varamaður SP
Eypór Benediktsson, EB
Elísabet Lára Björgvinsdóttir, ELB
Hilmar Hallvarðsson, HH
Davíð Sveinsson, DS
Guðmundur Kristinsson, GK
Erla Friðriksdóttir, bæjarstjóri EF
Daði H.Sigurþórsson, fundarritari

Forseti bæjarstjórnar setti fund og stýrði.

1. Fundargerðir bæjarráðs.

1.1. Fundargerð bæjarráðs nr. 397, dags. 13.10.2005.

Fundargerðin er í 12 tölusettum liðum.

Liður 1.4. Fundargerð skipulags- og bygginganefndar.

Liðir 1,2,4,5,6,12 og 13 samþykktir. Liður 8. Tillaga um að breyta nafni Sæbrautar í Súgandiseyjargata. Tillaga samþykkt samhljóða

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

Liður 2.1. og 2.2. samþykktir. Til máls tóku: HH, GK, EB, ELB, EF, DS og RG

Bókun við lið 2.1: Við undirritaðir teljum kostnað Stykkishólmsbæjar, við úthlutun lóðar N og K til Íslandspóst vera of mikinn. Kostur er á betri lóð í bænum með tilliti til aðgengis og umferðar vegan rekstrarins. Við teljum starfsemi þessa ekki henta við hlið íbúðahverfis. Við teljum ekki fullreynt með nýjan stað og samþykkjum því ekki þessa úthlutun. Undirritað: DS, GK og HH

Liður 3. Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða. Til máls tóku: DS, GK, HH, ELB, EB og RG

Liður 5. Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða. Til máls tóku: EF, HH

Liður 6. Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða. Til máls tóku: EF

Liður 7. Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt, Davíð, Guðmundur og Hilmar sátu hjá. Til máls tóku: EF, GK og HH

Umræður urðu um aðra liði, allir tóku til máls.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

2. Fundargerðir nefnda.

- 2.1. Fundargerðir fræðslunefndar, dags. 10.10.2005.
Fundargerðin afgreidd samhljóða. Til máls tóku: EF
Tillaga kom um að í stað Lindu Sigurðardóttur er tilnefnd Kristín Víðsdóttir sem aðalmaður í fræðslunefnd og í stað Önnu Sigríðar Guðmundsdóttur, sem er starfsmaður leikskólans, er Hildigunnur Jóhannesdóttir tilnefnd sem varamaður. Tillaga samþykkt.
- 2.2. Fundargerð húsnaðisnefndar, dags. 10.10.2005.
Fundargerðin afgreidd samhljóða. Til máls tóku: EF og SP
Í stað Lindu Sigurðardóttur er tilnefndur Þórður Magnússon sem aðalmaður og í stöðu varamanns er tilnefnd Anna Sigríður Guðmundsdóttir. Tillaga samþykkt.
- 2.3. Fundargerð safna- og menningarmálanefndar, dags. 26.9.2005.
Fundargerðin afgreidd samhljóða. Til máls tóku ELB
- 2.4. Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar, dags. 5.10.2005.
Fundargerðin afgreidd fyrir á fundinum.
- 2.5. Fundargerð stefnumörkunarnefndar í húsnaðismálum grunn- og tónlistarskóla, dags. 6.10.2005.
Fundargerðin afgreidd samhljóða. Til máls tóku: ELB, HH, EF, DS, EB, RG og GK

3. Reglur um úthlutun byggðakvóta.

Tillaga að reglum fyrir yfirstandandi fiskveiðiár.

Skipta skal byggðakvóta Stykkishólmsbæjar milli báta þeirra útgerða sem eiga aflahlutdeild í hörpuskel þann 1. september 2005 og stunduðu skelveiðar í Breiðafirði á tveimur síðustu skelvertíðum. Bátarnir skulu vera skráðir í Stykkishólmi 31. október 2005. Kvótinn skiptist á grundvelli aflahlutdeildar í hörpuskel fiskveiðiárið 2005/2006.

Kvótinn verði veiddur af bátum skráðum í bæjarfélaginu, landað þar og unninn.

Útgerðum sem úthlutað er byggðakvóta er skylt að leggja til aflaheimildir að lágmarki til jafns við úthlutaðan byggðakvóta, sem einnig verði unninn í fiskvinnslu í bæjarfélaginu.

Úthlutaður byggðakvóti er ekki framseljanlegur, en heimilt er að skipta á jöfnu á markaðsvirði á öðrum tegundum en þorski, án þess að það teljist framsal á úthlutaðum aflaheimildum.

Í ágústlok 2006 skulu útgerðir þeirra skipa, sem úthlutað fá byggðakvóta, skila inn upplýsingum til Stykkishólmsbæjar, um nýtingu hans.

Tillagan samþykkt samhljóða. Allir tóku til máls

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:56

Daði H. Sigurþórsson fundarritari